

N.K.M. gegn Ungverjalandi

Dómur frá 14. maí 2013

Mál nr. 66529/11

1. gr. 1. viðauka – Friðhelgi eignarréttar

Ríkisstarfsmenn. Biðlaun. Skattlagning. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærandi, sem hafði verið ríkisstarfsmaður í Ungverjalandi í 30 ár, var sagt upp störfum 27. maí 2011 og tók uppsögnin gildi 28. júlí 2011. Við uppsögnina átti hún rétt á launagreiðslum fyrir mánuðina júní og júlí, greiðslum fyrir ónýtt orlof og átta mánaða biðlaunum. Þessar tekjur hennar voru skattlagðar í samræmi við lög sem sett voru 14. maí 2011, sem hækkuðu skattprósentu af biðlaunum frá ríkinu. Þetta leiddi til þess að hún þurfti að greiða 52% tekjuskatt af biðlaunum sínum, á meðan tekjuskattur almennra launa var í kringum 16%.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að þessi skattheimta fæli í sér skerðingu á eignarréttindum hennar og bryti gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans um friðhelgi eignarréttarins.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að réttur til biðlauna teldist til eignarréttinda í skilningi 1. gr. 1. viðauka sáttmálans, þar sem um væri að ræða áunnin réttindi kæranda. Skattheimtan fæli í sér takmörkun á rétti kæranda til að njóta eigna sinna í friði, en teldist ekki vera afturvirk, þar sem kæranda var tilkynnt um uppsögnina tíu vikum eftir að umrædd lög tóku gildi. Dómstóllinn taldi að löggjöfin hefði stefnt að því lögmæta markmiði að koma í veg fyrir óhófleg útgjöld hins opinbera. Þá beindi dómstóllinn sjónum sínum að því hvort í skattalöggjöfinni væri gætt meðalhófs og hvort hún samræmdist þeim markmiðum sem hún stefndi að. Hann tók fram að aðildarríkin hefðu umtalsvert svigrúm þegar kæmi að því að ákveða tilhögun skattheimtu á borgarana. Í þessu tilviki væri 52% skattur á biðlaun umtalsvert hærri en sá skattur sem lagður var á almenn laun, þar á meðal á biðlaun þeirra sem unnu í einkageiranum. Hér bæri einnig að líta til þeirrar verulegu röskunar á persónuhögum kæranda sem skattheimtan hafði í för með sér, til viðbótar við það tekjutap sem hún yrði fyrir vegna atvinnumissis. Dómstóllinn taldi því að kærandi og aðrir borgarar sem hafi verið í sömu stöðu hafi þurft að bera óhóflegar byrðar og ekki hafi verið gætt meðalhófs við skattlagninguna. Þá hafi henni ekki verið gefin aðlögunartími að þessu breytta fyrirkomulagi skattheimtunnar. Því taldi dómstóllinn að þessi skattheimta, þar sem skattprósenta var umtalsvert hærri en sú prósentu sem var við lýði þegar réttindanna var aflað, fæli í sér umtalsverða skerðingu á þeim réttindum sem 1. gr. 1. viðauka sáttmálans var ætlað að vernda og að ekki hafi verið gætt meðalhófs við að ná fram markmiðum löggjafarinnar.

Á grundvelli 41.gr. sáttmálans var ungverska ríkið dæmt til að greiða kæranda 11.000 evrur í bætur.